

Karsai gegn Ungverjalandi

Dómur frá 1. desember 2009

Mál nr. 5380/07

10. gr. Tjáningarfrelsi

Umræða um almannahagsmuni.

1. Málsatvik

Kærandi, László Karsai, er ungverskur sagnfræðingur og háskólaprófessor. Hann er fæddur árið 1950 og býr í Búdapest. Árið 2004 fór fram í Ungverjalandi opinber umræða um það hvort reisa skyldi stytta til minningar um Pál Teleki, forsætisráðherra Ungverja í seinni heimsstyrjöldinni. Undir forystu Teleki studdi Ungverjaland Þýskaland í stríðinu. Undir hans forystu var einnig sett löggjöf um mismunun gagnvart gyðingum í landinu. Kærandi skrifaði grein þar sem hann gagnrýndi hægrisinnaða fjölmiðla fyrir að fjalla með jákvæðum hætti um störf Pál Teleki og þær yfirlýsingar hans sem beindust gegn gyðingum. Kærandi fjallaði einnig um skrif einstaklings að nafni B.T. sem tekið hafði þátt í umræðunni.

B.T. höfðaði skaðabótamál gegn kæranda. Hann hélt því fram að skilja mætti hluta greinar kæranda á þá vegu að B.T. hefði látið í ljós þá afstöðu að berjast ætti gegn gyðingum. Ungverskur áfrýjunardómstóll féllst á málaltilbúnað B.T. Kærandi var dæmdur til að gefa út leiðréttingu á grein sinni á eigin kostnað og bera kostnað af rekstri málsins. Hæstiréttur Ungverjalands staðfesti niðurstöðuna.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kvörtun kæranda laut að því að niðurstaða ungverskra dómstóla bryti gegn rétti hans til tjáningar samkvæmt 10. gr. sáttmálans. Honum væri það m.a. óhæfilega þungbært og græfi undan trúverðugleika hans sem sagnfræðings að þurfa að birta opinberlega leiðréttingu á fyrri skrifum.

Niðurstaða

Dómstóllinn sá ekki ástæðu til að gera athugasemd við þá niðurstöðu ungverskra dómstóla að hinar umdeildu staðhæfingar kæranda varðandi hægrisinnaða fjölmiðla í landinu mætti túlka sem svo að þar væri átt við B.T. og hefðu því áhrif á mannorð hans. Aftur á móti taldi dómstóllinn, ólíkt ungverskum dómstólum, að hin umdeilda staðhæfing hefði ekki verið sett fram sem staðreynd. Ef svo hefði verið þá hefði vernd 10. gr. sáttmálans fyrir kæranda verið takmarkaðri. Byggði dómstóllinn mat sitt á því að kærandi hefði verið dæmdur fyrir að halda því fram að þeir sem bæru blak af stjórnmálamanni sem sýnt hefði andúð á gyðingum tækju í raun þátt í því að gera lítið úr kynþáttahyggju viðkomandi.

Dómstóllinn tók fram að kærandi hefði með greinarskrifunum tekið þátt í mikilvægri almennri umræðu sem varðaði uppgjör Ungverja við einræðisstjórn fyrri ára. Í slíkum tilvikum yrði að veita víðtæka vernd og vísaði dómstóllinn til mikilvægis fjölmiðla í lýðræðisríkjum. Dómstóllinn benti enn fremur á að B.T. hefði einnig tekið þátt í þessari umræðu með því að rita greinar sem voru gefnar út í víðlesnum dagblöðum. Af þessum sökum hefði hann gefið öðrum kost á að gagnrýna skrif sín á opinberum vettvangi.

Afstaða dómstólsins var að það væri verulega íþyngjandi fyrir kæranda að skylda hann til að leiðrétta fyrri skrif sín. Leit dómstóllinn þá sérstaklega til starfsheiddar kæranda sem sagnfræðings og að dómur gegn honum hefði ákveðin þöggunaráhrif. Dómstóllinn taldi að ungverskir dómstólar hefðu ekki rökstutt með sannfærandi hætti að mikilvægara væri að vernda mannorð þátttakanda í opinberri umræðu frekar en tjáningarfrelsi kæranda og þá hagsmuni sem fælust í þeirri vernd, en um væri að ræða umræðu sem varðaði almannahagsmuni. Af þessu leiddi að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans.

Með vísan til 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 4.000 evrur í miskabætur.